

Reykjavík 9. júní 2022

Mál nr. 90/2022

### Umsögn um tillögu til þingsáætlunar um málstefnu íslenska táknmálsins

Við lýsum yfir stuðningi og ánægju yfir því að þingsáætlun um málstefnu íslenska táknmálsins sé nú að verða að veruleika sem og aðgerðaráætluninni sem henni fylgir.

Við fögnum því að fyrsta opinbera málstefnan sé samin um íslenskt táknmál og metnaðarfull áætlun sé mótuð til að tryggja stöðu ÍTM, táknmálsbarna og táknmálsfólks í samfélaginu.

Það að tryggja að öll foreldri táknmálsbarna fái faglega ráðgjöf og fræðslu um íslenskt táknmál og kennslu er ekki síður mikilvægt en að tryggja táknmálstalandi fólki réttinn til aðgengis á móðurmáli/fyrsta máli sínu, eins og tekið er fram í 7. Grein lið B.


Mikilvægt er að tryggja þann rétt á öllum skólastigum og að sá réttur sé virtur óháð búsetu.

Hlúa verður vel að menningu táknmálsfólks og gera hana sýnilega sem víðast, skapa vettvang og tryggja fjármagn til þess að list þeirra fái að njóta sín.

Þar sem sjúklingum er tryggður réttur til túlkabjónustu með lögum þarf að tryggja fjármagn til þess að hægt sé að sinna þeirri þjónustu á hvaða tíma sólarhrings sem er.


Með þessari aðgerðaráætlun teljum við að ÍTM verði sýnilegra í samfélaginu sem er mikilvægt fyrir ÍTM og táknmálsfólk.

Virðingarfyllst



Júlía G. Hreinsdóttir

Fagstjóri kennslu SHH



Gerður Sjöfn Ólafsdóttir

Sviðstjóri táknmálstúlkunar SHH